




STEFNA

2012-2016





STEFNA 2012-2016

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Samantekt	7
Hlutverk	8
RÚV	
Um RÚV	9
Samningur við menningar- og menntamálaráðuneyti.....	9
Stjórnskipulag	10
Gildi RÚV	11
Framtíðarsýn RÚV 2016	12
Stefna RÚV 2012-2016	14
RÚV flytur fréttir	14
RÚV eflir menningu	16
RÚV veitir afþreyingu	18
RÚV nær til allra	20
RÚV byggir á traustum starfsháttum.....	22
Ýmsar undirstefnur RÚV	24
Mannauðsstefna RÚV.....	26
Dagskrárstefna Rásar 1.....	28
Dagskrárstefna Rásar 2.....	30
Dagskrárstefna Sjónvarps.....	32
Fréttastefna RÚV.....	35
Nýmiðlar RÚV.....	36
Málstefna RÚV.....	38
Jafnréttisáætlun RÚV.....	38
Endurskoðun stefnunnar	38

INNGANGUR

Hér er fylgt úr hlaði stefnu Ríkisútvarpsins til ársins 2016. Þessi stefna byggist m.a. á þjónustusamningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er til jafnlengdar honum. Hvort tveggja er reist á grunni gildandi laga um Ríkisútvarpið.

Að þessari stefnumótun hefur verið unnið síðan í október 2011 — eða í ríflega eitt ár — í samræmi við viljayfirlýsingu stjórnar RÚV og með faglegri leiðsögn Sævars Kristinssonar og Kristjáns M. Ólafssonar frá ráðgjafarfyrtækinu Netspori.

Allir 300 starfsmenn RÚV hafa átt þess kost að koma að þessari stefnumótun og hafa um 70% þeirra tekið virkan þátt í vinnunni, ýmist með þátttöku í könnunum eða á fjölmörgum fundum sem haldnir hafa verið um verkefnið.

Ég hef sannfærst um að vinnuferlið sjálft — samstarfið, samráðið og skoðanaskiptin sem það útheimti — er ekki síður mikilvægt fyrir innra starf og starfshætti RÚV en sú niðurstaða sem hér liggur fyrir. Öllum starfsmönnum hefur gefist færi á að víðra skoðanir sínar og hugmyndir og koma þeim á framfæri við samstarfsmenn og stjórnendur — og hlýða á aðra gera hið sama. Þetta er ómetanlegt og mun án nokkurs vafa bæta starfshætti RÚV og þar með þjónustu þess við almenning.

RÚV starfar í fjölmiðlaumhverfi sem aldrei hefur verið margbrotnara og kröfuharðara. Sá grunnur sem RÚV byggir á sem fjölmiðill í almannæigu — og á engar skyldur ríkari en við þjóðina sjálfa — mun tryggja fótfestuna í því umhverfi.

Að upplýsa, fræða og skemmta. Þetta þrennt er kjarninn í erindi RÚV við íslensku þjóðina. Þessu þríþætta hlutverki mun RÚV sinna af heiðarleika, vandvirkni og trúmennsku — en líka af ákafa og ástríðu.

Ég er sannfærður um að sú stefna sem hér birtist mun verða okkur traust leiðarljós í því starfi.

Reykjavík í nóvember 2012,



Páll Magnússon
útvarpsstjóri

UPPLÝSA, FRÆÐA OG SKEMMTA

SAMANTEKT

Meginmarkmið RÚV er að upplýsa, fræða og skemmta. Þetta þrjúþætta hlutverk kemur fram í áherslum í fréttum, menningarefni og afþreyingu í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum RÚV.

Á komandi árum verður meginmarkmið RÚV að skerpa á hlutverki sínu. Þetta endurspeglast í eftirfarandi þáttum:

RÚV flytur fréttir, óháðar og traustar og er jafnframt vettvangur gagnrýnnar og víðtækrar umræðu um innlend málefni og alþjóðamál.

RÚV eflir menningu og verður áfram mikilvægur þátttakandi í íslensku menningarlífi, leiðandi í efnistöðum og gæðum. Jafnframt endurspeglar RÚV menningu annarra þjóða og er þannig gluggi Íslendinga að erlendri menningu.

RÚV veitir afþreyingu og er vettvangur fyrir metnaðarfulla og fjölbreytta nýsköpun í dagskrárgerð, m.a. leikið efni og skemmtiefni og er samkeppnisfært við erlent efni. Frumleiki, gæði og sköpunarkraftur einkenna allt ferli dagskrárgerðar hjá RÚV.

RÚV nær til allra og kemur dagskrárefni sínu á framfæri með þeim miðlum og á þann hátt sem best hentar á hverjum tíma.

RÚV byggir á traustum starfsháttum og hefur sköpun, gæði og kostnaðarvitund í fyrirrúmi ásamt skýrum ferlum sem móta fagmennsku í öllu verklagi félagsins.



HLUTVERK

Hlutverk félagsins og sú þjónusta sem því er gert að sinna eru leiðandi þættir í stefnu RÚV.*

RÚV, sem útvarp í almannþjónustu, hefur þann tilgang að uppfylla lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í þjóðfélaginu með miðlun texta, hljóðs og mynda ásamt öryggisþjónustu á sviði útvarps.

Hlutverk RÚV er, samkvæmt lögum um félagið nr. 6/2007, rekstur fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Sérstaklega er lögð rækt við íslenska tungu, sögu þjóðar, menningararfleifð og tengsl við almenning.

*Nánar má sjá lög um RÚV og samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið á vef RÚV, www.ruv.is

UM RÚV

Ríkisútvarpið var stofnað 1930 og hóf hljóðvarpsútsendingar 20. desember það ár. Sjónvarpið hóf útsendingar 30. september 1966, 1. desember 1983 hóf Rás 2 göngu sína og á fyrri hluta árs 2005 hófust útsendingar á klassísku útvarpsstöðinni Rondó. Í ágúst 2000 var starfsemi útvarps og sjónvarps sameinuð á einn stað í Útvarpshúsinu við Efstaleiti. Ríkisútvarpið hefur einnig starfsemi á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Borgarnesi auk þess sem nokkur fjöldi fréttaritara og dagskrárgerðarmanna innanlands og erlendis sinnir fréttaðflun og dagskrárgerð.

Rekstrarforminu var breytt 1. apríl 2007 og Ríkisútvarpið ohf. var stofnað. Lögum um RÚV var breytt frá því sem áður var og í fyrsta skipti var gerður samningur á milli félagsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem nánar var kveðið á um hlutverk og skyldur félagsins.


Sérstaða RÚV og mikilvægi sem miðils í almannþjónustu endurspeglast ekki hvað síst í að uppfylla lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í þjóðfélaginu með miðlun texta, hljóðs og mynda til landsmanna allra. Meginmáli skiptir að RÚV viðhaldi og rækti það mikla og almenna traust sem félagið nýtur í samfélaginu.



Kjarninn í samningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðuneytið er að annast fjölmiðlaþjónustu í almannabágu á grundvelli laga um félagið. RÚV er samnefarni þjóðar og grundvöllur þess er traust almennings. Í samningnum er tilgreint umfang og töluleg markmið sem RÚV fylgir [samningurinn í heild sinni er á vef RÚV, www.ruv.is].

STJÓRNSKIPULAG

Stjórnskipulag RÚV í nóvember 2012:*



Starfsemi RÚV skiptist í sex svið. Þau eru fjármál og tækni, dagskrá útvarps og sjónvarps, fréttir og íþróttir, nýmiðlar og markaðsmál. Einnig starfa mannauðsstjóri og yfirmaður þróunar beint undir útvarpsstjóra.

- Svið fjármála og tækni ber ábyrgð á fjármálum, uppbyggingu tæknimála og almennri tækniþjónustu auk þess sem undir sviðið heyrir rekstur húsnæðis og mótuneytisþjónusta.
- Dagskrársvið útvarps og sjónvarps bera ábyrgð á allri dagskrá þessara miðla utan fréttu og íþróttu. Í því felast kaup og framleiðsla á þáttum sem fluttir eru í hljóðvarpi, kaup á innlendum og erlendum þáttum fyrir sjónvarp og framleiðsla innlendra þátta fyrir sjónvarp.
- Fréttasvið sér um fréttu- og íþróttþjónustu fyrir alla miðla RÚV og hluti fréttatengdra þátta hljóðvarps og sjónvarps heyrir undir sviðið.
- Nýmiðladeild tryggir að efni RÚV sé aðgengilegt almenningi á netinu og öðrum nýmiðlum. Dagskrár- og fréttasvið RÚV leggja áherslu á frumflutning efnis á netinu.
- Markaðssvið ber ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum. Það sér um kynningarmál fyrir félagið í heild og kynnir dagskrá hljóðvarps, sjónvarps og netsins. Markaðssvið sinnir einnig auglýsingasölu og útgáfustarfsemi á áður útsendu efni.

* Nánar má sjá lög um RÚV, samþykktir félagsins og samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið á vef RÚV, www.ruv.is

GILDI RÚV

Gildi RÚV endurspeglar þá lykilþætti sem starfsmenn félagsins hafa ætíð í heiðri og vinna eftir. Þau eru:

traust – fagmennska – fjölbreytni

Traust er það kjarnagildi í starfsemi RÚV sem allt annað byggist á. Ítrekaðar mælingar sýna að RÚV nýtur yfirburðatrausts þjóðarinnar samanborið við aðra fjölmiðla og er meðal þeirra stofnana samfélagsins sem almenningur treystir best. Traust þjóðarinnar er fjöregg RÚV og verðmætasta „eign“ þess.

Starfsemi RÚV byggist á fagmennsku á öllum sviðum og að vera í fararbroddi í faglegum vinnubrögðum.

Dagskrárframboð RÚV þjónar landsmönnum öllum með því að tryggja fjölbreytni í efnisöflun, dagskrárvali og miðlunarleiðum.

FRAMTÍÐARSÝN RÚV 2016

RÚV sameinar þjóðina og er sjálfstæður, óháður fjölmiðill. Þannig nær RÚV daglega til allra landsmanna með fjölbreytt efni sem höfðar til þeirra.

RÚV viðheldur stöðu sinni sem öflugasti og áreiðanlegasti fjölmiðillinn á Íslandi með því að:

- flytja fréttir
- efla og skapa menningu
- veita afþreyingu
- ná til allra með mismunandi miðlunarleiðum
- byggja á fagmennsku og traustum starfsháttum

RÚV FLYTUR FRÉTTIR

Fréttastofa RÚV annast almennan fréttáflutning í sjónvarpi, útvarpi og á vefnum. Hún skal birta eins sannar og réttar fréttir af atburðum og framvindu mála sem nokkur kostur er. Fréttastofa RÚV nýtur almenns trausts sem áreiðanlegur fréttamiðill. Fréttamönnum ber í störfum sínum að kappkosta að viðhalda þessu trausti. Nákvæmni, hlutlægni og heiðarleiki í starfi eru forsendur þess að fréttastofan og þættir á vegum hennar haldi trausti og virðingu almennings.

Stefna

Fréttáþjónusta RÚV sé víðtæk, óháð og áreiðanleg. Með fréttum verði miðlað traustum upplýsingum sem jafnframt eru vettvangur gagnrýninnar og upplýsandi umræðu um hvaðeina sem varðar almannahag.

Markmið

1. Fréttum RÚV sé treyst.
2. Fréttir RÚV séu vandaðar, nákvæmar, upplýsandi og innihaldsríkar.
3. Fréttir RÚV séu fyrsti valkostur landsmanna.
4. Fréttir RÚV veiti aðhald og örvi gagnrýna þjóðfélagsumræðu.
5. Fréttir RÚV séu aðgengilegar aftur í tímann á ruv.is.

Leiðir

1. Fréttamenn skulu ætíð viðhafa nákvæmni, hlutlægni og heiðarleika í starfi, eins og kveðið er á um í fréttastefnu félagsins. Fréttastofan hefur tæknilega getu og hæfni til að skila vönduðu fréttæfni af öryggi og fagmennsku í öllum miðlum félagsins.
2. Á fréttastofu starfi ávallt hæft, vel menntað og þjálfað starfsfólk, sem fær tækifæri til að endurnýja þekkingu sína og starfshæfni. Með stöðugu endurmati verði tryggt að fréttáþjónusta RÚV sé víðtæk, óháð og áreiðanleg.
3. Dreifikerfi útvarps, sjónvarps og vefumsjónarkerfi getur á hverjum tíma sinnt því hlutverki að miðla nýjustu fréttum til almennings.
4. Tryggt verður að Fréttastofa RÚV hafi vettvang í dagskrá útvarps, sjónvarps og á vefnum til að sinna bæði daglegri fréttáþjónustu og kryfjandi fréttaskýringum.
5. Allt dagskrárefni RÚV sem telja má fréttnæmt og á erindi í fréttatíma útvarps og sjónvarps og á veffréttasiðu berst fréttastofu til úrvinnslu.

RÚV EFLIR MENNINGU

RÚV leggur áherslu á að sinna öllum sviðum íslensks menningarlífs og vera í fararbroddi, bæði í efnistöðum og gæðum á öllum miðlum. RÚV vinnur í nánú samstarfi við aðrar menningarstofnanir auk þess að standa sjálft fyrir menningarviðburðum og kappkostar að sinna jafnt ungu listafólki og þeim sem þegar eru orðnir kunnir. RÚV þorir að brydda upp á nýjungum í vinnsluaðferðum á dagskrárefni. Þar starfar fólk með ólíkan bakgrunn og fjölbreytta menntun. Mikilvægur liður í menningarhlutverkinu er samstarf við evrópskar og norrænar útvarps- og sjónvarpsstöðvar enda leggur RÚV áherslu á að endurspeglar menningu annarra þjóða jafnhliða þeirri íslensku.

Stefna

- RÚV sé virkur þátttakandi og leiðandi í að sinna íslensku menningarlífi bæði í efnistöðum og gæðum og sé vettvangur fyrir nýsköpun leikins efnis.
- RÚV endurspegli menningu annarra þjóða og sé þannig gluggi Íslendinga að erlendri menningu.

Markmið

1. RÚV tryggi fjölbreytileika í menningu og umfjöllun.
2. RÚV hafi frumkvæði að gerð íslensks menningarefnis og sé fremst í flokki íslenskra sjónvarpsstöðva í gerð leikins efnis.
3. RÚV nýti menningarverðmæti úr safni Ríkisútvarpsins [Gullkistuna].
4. RÚV sé móttækilegt fyrir ábendingum og hugmyndum um dagskrá og starfsemi.

Leiðir

1. RÚV spegli menningu samtímans og hafi íslenska menningu og sögu í heiðri. Í dagskránni verði bryddað upp á nýjungum og tryggð fjölbreytni í efnisvali með eigin framleiðslu eða kaupum af sjálfstæðum framleiðendum. Umfjöllun um menningu sé lifandi og gagnrýnin. Ungu listafólki og dagskrárgerðarfólki verði komið á framfæri í þáttum og umfjöllun.
2. Framleiðsluferli og uppbygging efnis sé byggt á samstarfi á öllum stigum, aukinni ferlavinnu og gæðum. RÚV mun leggja aukna áherslu á framleiðslu eða kaup á leiknu innlendu efni fyrir útvarp og sjónvarp. Ætíð verði boðið upp á tvær nýjar sjónvarpsþáttaraðir á hverju starfsári hið minnsta. Að auki er gert ráð fyrir að reglulega verði farið í gerð sjónvarpsmynda. RÚV sýni, meðal annars í beinum útsendingum, frá menningarviðburðum, s.s. tónleikum og standi fyrir margvíslegri samkeppni, til dæmis jólalaga-, söngva- og danskeppni.
3. RÚV er einkonar samkomuhús þjóðar og nýtir eldra efni úr Gullkistunni í metnaðarfullri þáttgerð.
4. RÚV er vettvangur fyrir tjáningu notenda og „samtalid“ við landsmenn er tryggt.

Hlutverk RÚV á sviði afþreyingar er mikilvægt. RÚV leggur áherslu á vandað afþreyingarefni fyrir alla aldurshópa og hefur gæði og sköpunarkraft að leiðarljósi. Mikilvægt er að leggja ríka áherslu á handrits- og þróunarvinnu sem og gæðavinnu á þessu sviði. RÚV kappkostar að kaupa afþreyingarefni frá öðrum Evrópulöndum og frá öðrum heimshlutum til jafnvægis við innkaup afþreyingarefnis frá Bandaríkjunum.

Stefna

- RÚV efli gerð skemmtiefnis sem er samkeppnisfært við erlent efni. Frumleiki, gæði og sköpunarkraftur einkenni alla dagskrárgerð
- RÚV tryggji aðgengi allra landsmanna að skapandi, metnaðarfullu og fjölbreyttu gæðaaafþreyingarefni.

Markmið

1. Afþreyingarefni RÚV verði í flokki með vinsælasta efni landsins og skírskoti til breiðs hóps landsmanna.
2. RÚV sé vettvangur fyrir hæfileikafólk, bæði í framleiðslu og dagskrárgerð.
3. Ákvarðanir um innkaup og framleiðslu efnis séu skýrar og markvissar.
4. RÚV tryggji strangt gæðaeftirlit með því efni sem félagið kaupir.

Leiðir

1. RÚV vinnur markvisst að sköpun með öðrum menningarstofnunum á fjölbreyttum sviðum afþreyingar.
2. Áhersla verði lögð á skapandi umhverfi og reglulega gerð afþreyingarefnis.
3. Afþreyingarefni RÚV er bæði aðkeypt og eigin framleiðsla.
4. Tekið verður upp markvisst gæðaeftirlit með framleiðslu.

RÚV VEITIR AFÞREYINGU

Dagskrá RÚV er aðgengileg landsmönnum eftir mismunandi miðlunarleiðum. Rás 1, Rás 2 og Rondó eru sendar út með FM-sendum. Valdír hlutar dagskrár Rásar 1 og Rásar 2 eru auk þess sendir út um langbylgjurásir félagsins.

Útsendingar sjónvarps eru sendar út um hliðrænt VHF og UHF sendakerfi RÚV. Dagskráin er einnig aðgengileg í stafrænum dreifikerfum Vodafone á örbylgju, UHF og með IP-dreifingu en Síminn dreifir líka merkjum RÚV með síðastnefndu aðferðinni.

Dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins næst einnig um gervihnöttinn Thor III og sömuleiðis er hægt að nálgast hana á vef RÚV, www.ruv.is. Valdír hlutar dagskrár eru einnig aðgengilegir þar en slíkt efni má líka nálgast í VOD-þjónustu símafélaganna.

Stefna

RÚV komi dagskrárefni sínu á framfæri með þeim miðlum og á þann hátt sem best hentar á hverjum tíma til að ná til notenda.

Markmið

1. Öll dagskrá RÚV sé aðgengileg á nýmiðlum.
2. RÚV verði með tvær HD-sjónvarpsrásir á stafrænu formi fyrir árslok 2014, en þá verður slökkt á hliðrænu dreifikerfi sjónvarps.
3. Útsendingar á FM og langbylgju verði áfram tryggðar á komandi árum. Áfram verði mögulegt að hlýða á útvarp á stafrænum stöðvum sjónvarps, vefnum og gervihnattastöðvum.
4. RÚV tryggi samtal við alla þjóðina og nái athygli ólíkra hópa hennar.

Leiðir

1. Allt dagskrárefni sé aðgengilegt í samtímaútsendingu á vefnum og í farsímaþjónustu. Valið dagskrárefni er aðgengilegt óháð tækni eins og réttindamál leyfa.
2. Vefurinn býður upp á ítarefni við dagskrá annarra miðla RÚV ásamt efni sem framleitt er sérstaklega fyrir hann.
3. Beinar útsendingar verða efldar og allir miðlar RÚV nýttir til þess.
4. RÚV er stöðugt vakandi fyrir mismunandi miðlum sem þarf til að ná til einstakra hópa landsmanna. Tryggt verði aðgengi almennings í landinu að RÚV til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

RÚV NÆR TIL ALLRA

RÚV leggur áherslu á gæði í allri starfsemi, fagleg vinnubrögð og hagkvæman rekstur. Verkferlar eru endurskoðaðir reglulega til þess að tryggja markviss og samhæfd vinnubrögð.

Stefna

RÚV setji sköpun, gæði og kostnaðarvitund í forgang og skýri ferla sem móta fagmennsku í öllu verklagi.

Markmið

1. Markvissir verkferlar stuðli að samstarfi deilda.
2. Verkferlar séu skráðir fyrir mikilvæga þætti starfseminnar og í sífelldri endurskoðun. Gæðaeftirlit tryggja stöðugar úrbætur.
3. Markaðssvið og fjármáladeildir styðji við og vinni í takt við framleiðsludeildir.
4. Markaðssvið vinni að því að viðhalda tekjustofnum og sé virkt í kynningu á dagskrá RÚV.
5. Tæknimál RÚV skulu miðast við að svara þörfum notenda.

Leiðir

1. Fyrir árslok 2014 verður búið að kortleggja snertipunktana milli deilda og útbúa skriflega verkferla sem tryggja samstarf. Verkferlarnir verða endurskoðaðir árlega.
2. Dagskrárstjórar allra miðla fundi reglulega til að fara yfir kosti og galla liðinnar dagskrár jafnframt því að skipuleggja dagskrána framundan. Með stöðugu úrbótaferli og vinnuhópum verður tekið á helstu þáttum sem betur mega fara.
3. Áætlanagerð og upplýsingaflæði verður eftt og sett í fastmótað form.
4. Markaðssvið veitir viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu auk þess að gefa notendum greinargóðar upplýsingar um dagskrá miðla RÚV þannig að þær viðhaldi góðri ímynd fyrirtækisins. Kynningar taka mið af hlutverki og gildum RÚV ásamt dagskrárstefnu hvers miðils.
5. Tæknisvið hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á tæknilegum þáttum í rekstri RÚV og tryggir framúrskarandi og víðtæka tækniþjónustu við dagskráframleiðslu og allan rekstur félagsins.

RÚV BYGGIR Á TRAUSTUM STARFSHÁTTUM

ÝMSAR UNDIRSTEFNUR RÚV



MANNAUÐSSTEFNA RÚV

Mannauðsstefnunni er ætlað að styðja við og endurspegla gildi RÚV sem eru traust, fagmennska og fjölbreytni. Stefnunni er ætlað að auka samstöðu og samstarf og tryggja að faglega sé staðið að málefnum starfsmanna.

Samstarf og samskipti

Við viljum að vinnustaðarmenning okkar einkennist af samvinnu og að hagur heildarinnar sé ávallt hafður að leiðarljósi. Samskiptin séu jákvæð og uppbyggileg þar sem mismunandi skoðanir fá notið sín og fjölbreytileiki innan starfsmannahópsins ýti undir þróun og nýsköpun. Við viljum að stjórnendur séu til fyrirmyndar í samskiptum og byggi þannig upp jákvætt starfsumhverfi.

Starfsþróun

Við viljum að starfsfólk eigi þess kost að auka þekkingu sína og faglega hæfni í starfi og að sú fræðsla og þjálfun sem starfsfólk sækir taki mið af þörfum og markmiðum RÚV um leið og hún kemur starfsmanninum til góða.

Starfsumhverfi

RÚV er skapandi og góður vinnustaður þar sem allir bera sameiginlega ábyrgð á að skapa gott starfsumhverfi. Heilbrigður lífsstíll og jafnvægi milli vinnu og einkalífs er haft í fyrirrúmi.

Faglegt ráðningarsamband

Við leggjum áherslu á fagmennsku í ráðningum og að tekið sé vel á móti nýju starfsfólki, það fái viðeigandi þjálfun og faglega sé staðið að starfslokum. Virða ber jafnréttisáætlun RÚV sem sjá má á vefnum www.ruv.is. Áhersla á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg og samþætt allri starfsemi félagsins.

Ábyrgð

Til að tryggja að mannaússtefnan sé virk er árlega lögð vinnustaðagreining fyrir starfsfólk félagsins, fylgst er með breytingum í starfsmannahópnunum og unnið með niðurstöður starfsmanna- og starfslokasamtala. Mannauðsstjóri og stjórnendur bera ábyrgð á því að samræmis sé gætt og heildarhagsmunir ráði ákvörðunum í starfsmannamálum.

DAGSKRÁRSTEFNA RÁSAR 1

Rás 1 svarar þörfum samfélagsins með vönduðu og upplýsandi dagskrárefni. Sérstök áhersla er lögð á menningu, samfélag og ungmenni. Rás 1 hefur í fyrirrúmi upplýsandi samfélags- umræðu þar sem helstu skoðanir koma fram. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá þar sem hlustendur fá eitthvað til að hugsa um, læra af, hlæja að, þætti sem þeir geta meðtekið og gert að sínum, sem og að ögra og veita ólíka upplifun.

Frumleiki, gæði og sköpunarkraftur eru ætíð höfð að leiðarljósi á Rás 1 ásamt því að vera í fararbroddi í dagskrárgerð og vinnubrögðum. Lögð er áhersla á vandað mál. Vinnsla dagskrárefnis tekur mið af ólíkum miðlum. Rás 1 veitir aðgengi að dagskrárefni fyrri tíma.

Samfélag

Rás 1 leggur áherslu á upplýsandi og fræðandi umfjöllun um samfélagið með jafnrétti og fjölbreytni að leiðarljósi. Hún endurspeglar samtímann með viðtölum við fólk og frásögnum af atburðum í nútíð og fortíð. Brugðist er við viðburðum með ítarlegri og gagnrýnni umfjöllun. Rás 1 er jafnframt vettvangur til að kafa dýpra ofan í mál sem eru efst á baugi hverju sinni, heima og heiman.

Menning

Rás 1 sinnir íslenskrri menningu og speglar íslenskt menningarlíf í öllum sínum fjölbreytileika, stuðlar að sköpun og styður við og miðlar íslenskrri menningu, m.a. með samstarfi við aðrar stofnanir. Einnig er lögð áhersla á að miðla því sem hæst ber í menningu og samfélagi annarra þjóða.

Ungmenni

Rás 1 býður upp á fjölbreytt efni fyrir börn og unglinga, þar sem menning og samfélag eru í forgrunni. Hún skapar vettvang fyrir raddir barna og unglinga sem og umræðu um málefni þeirra. Áhersla er lögð á að virkja sköpunarkraft barna og unglinga.

DAGSKRÁRSTEFNA RÁSAR 2

Kjörorð Rásar 2 eru „fyrst og fremst í lifandi tónlist“ og hún höfðar til breiðs hóps hlustenda í aldurshópnum 50 ára og yngri. Rás 2 er viðburðaútlit sem á samstarf við aðrar menningarstofnanir með það markmið að stuðla að nýsköpun og menningarlegri fjölbreytni íslenskrar tónlistar. Rás 2 leggur áherslu á vandað mál og jafnrétti kynjanna í dagskrárgerð og hlustendahópi. Rás 2 gegnir jafnframt mikilvægu öryggishlutverki fyrir almenning sem treystir á skjót viðbrögð og áreiðanlegar upplýsingar.

Rás 2 leggur áherslu á gæði og heildarferð dagskrár. Starfsfólk Rásar 2 þorir að gera tilraunir og spreyta sig á nýjungum í dagskrárgerð þar sem vinnsla dagskrárefnis tekur mið af ólíkum miðlum. Aukin áhersla er lögð á dagskrárgerð á netinu og gagnvirkni. Hlustendur Rásar 2 geta nálgast dagskrána þegar og með þeim hætti sem þeir kjósa.

Lykilatriði í starfsemi Rásar 2

Talað mál

- Rás 2 leggur áherslu á dægurmál og lifandi umræðu um þjóðmál og er útlit sem vitnað er í.
- Rás 2 flytur fréttir allan sólarhringinn. Lögð er áhersla á faglega og upplýsandi umræðu um mál sem snerta þjóðina sem og tíðindi af erlendum vettvangi.
- Rás 2 gerir landsmönnum kleift að fylgjast með helstu fréttum af íþróttum.

Tónlist

- Rás 2 vinnur undir kjörorðunum „fyrst og fremst í lifandi tónlist“.
- Rás 2 hefur dirfsku og sköpun að leiðarljósi og er opin fyrir ólíkum tónlistarstefnum og óþekktu tónlistarfólki.
- Rás 2 sinnir jaðartónlist í sérþáttum og er vettvangur fyrir nýjar hljómsveitir.



DAGSKRÁRSTEFNA SJÓNVARPS



Markmiðið er að áhorfendum á öllum aldri standi til boða upplýsandi, fræðandi og skemmtilegt sjónvarpsefni á vönduðu íslensku máli.

RÚV leggur áherslu á að framleiða eigið efni auk þess að kaupa efni frá sjálfstætt starfandi framleiðendum. RÚV leggur áherslu á samstarf við helstu menningarstofnanir landsins og á notkun eldra efnis úr safni sjónvarpsins.

Dagskrárefni er aðgengilegt með hefðbundnum hætti í sjónvarpi og auk þess í netmiðlum sem og samfélagsmiðlum á neti. Útsendingartími verður lengdur, framboð dagskrárefnis á vefnum eykst og vandað verður til kynninga á dagskrá. Áhersla er lögð á að selja og dreifa sjónvarpsefni til annarra landa.

Dagskrárefni er flokkað eftir efni og teymi starfsmanna heldur utan um flokkana. Efnisflokkarnir eru barnaefni, efni fyrir ungt fólk, menningarefni, skemmtiefni, fræðsluefni og leikið efni ásamt fréttaskýringum og umræðum.

Barnaefni

Framboð á innlendu efni og talsettu barnaefni verður aukið. Frumsýnt innlent barnaefni tvöfaldast að magni á næstu tveimur árum. Sýnt verður erlent barnaefni frá sem flestum heimshlutum.

Efni fyrir ungt fólk

Gerðar verða markvissar tilraunir með efni sem höfðar til ungs fólks. Vefurinn verður nýttur markvisst og ýtt undir gagnvirkni. Búinn verður til vettvangur fyrir dagskrárgerð ungs fólks í miðlum RÚV. Efni sem höfðar til ungs fólks verður gert aðgengilegra á vefnum og í dagskrá RÚV.

Menningarefni

Lögð er áhersla á að sinna öllum sviðum íslensks menningarlífs og vera í fararbroddi með efnistöð og gæði. RÚV sýnir frá helstu menningarviðburðum og hefur frumkvæði að framleiðslu menningarefnis. RÚV stendur fyrir viðburðum í menningu og listum, hefur öflugt samstarf við aðrar menningarstofnanir samfélagsins og verður áfram leiðandi í sýningum á menningarefni í íslensku sjónvarpi. Jafnframt er lögð áhersla á að endurspegla menningu annarra þjóða.

Skemmtiefni

Á RÚV er boðið upp á vandað og fjölbreytt skemmtiefni fyrir alla aldurshópa og þar er íslenskt skemmtiefni í forgrunni. Frumleiki, gæði og sköpunarkraftur eru höfð að leiðarljósi við framleiðslu og innkaup á skemmtiefni. Á þessu sviði vill RÚV vera vettvangur fyrir nýtt hæfileikafólk bæði í framleiðslu og dagskrárgerð.

Fræðsluefni

Lagt er kapp á að efla innlenda fræðsluþætti, bæði eigin framleiðslu og aðkeypt efni frá sjálfstæðum framleiðendum. RÚV er í fararbroddi í framleiðslu og innkaupum á fræðsluefni og vettvangur fyrir fræðsluefni frá öllum heimshornum.

Leikið efni

Framleiðsla á leiknu íslensku efni verður aukin markvisst. Haft er samstarf við innlenda og erlenda framleiðendur. Þróun og gæðæftirlit á öllum stigum framleiðslu á innlendu efni verða eft. Leikið efni á RÚV skal vera fjölbreytt.

Samfélagsumfjöllun

RÚV leggur áherslu á gagnrýna og upplýsandi umfjöllun um samfélagsmál. Brugðist er við stórvíðburðum með skjótum hætti í umræðuþáttum og fréttaskýringum. RÚV er vettvangur fyrir rannsóknarblaðamennsku og gefur dagskrárgerðarfólki svigrúm til að kryfja mál.



FRÉTTASTEFNA RÚV

RÚV veitir víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar. Fréttastofa RÚV nýtur almenns trausts sem áreiðanlegur fréttamiðill. Fréttamönnum ber að kappkosta í störfum sínum að viðhalda þessu trausti. Nákvæmni, hlutlægni og heiðarleiki í starfi eru nokkrar forsendur þess að fréttastofan og þættir á vegum hennar haldi trausti og virðingu almennings.

Það er markmið RÚV að vera framsækið og leiðandi í fréttaflytningi á Íslandi og viðhalda þeirri stöðu sinni að vera sá fréttamiðill sem almenningur leitar helst og fyrst til og treystir best. Til að þetta megi takast þarf fréttastofan ætíð að hafa yfir að ráða mjög hæfu, reyndu og vel þjálfuðu starfsfólki og styðjast við áreiðanlegan og traustan tækjabúnað í góðu starfsumhverfi. Með stöðugu endurmati verði tryggt að fréttabjónusta RÚV sé víðtæk, óháð og áreiðanleg.

Fréttastofa RÚV leitast við að fylgjast með, endurspegla og varpa nýju ljósi á straua samtímans án þess að víkja í nokkru frá megingildum í þeim starfsreglum og hefðum sem móttast hafa á löngum starfstíma. Það er fréttagildið sem ræður því hvort mál er tekið til skoðunar eða ekki. Fréttastofa RÚV fjallar almennt ekki um mál í þeim tilgangi að hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins eða einstaka þætti þess. Á hinn bóginn leitast hún ávallt við að verja almannahagsmunum og veita stjórnvöldum og ráðandi öflum aðhald. Það má aldrei stöðva umfjöllun að fréttamenn viti að hún hafi óhjákvæmilega áhrif, hvort sem er til góðs eða illis fyrir einhverja, né heldur hvort einhverjir geti hagnast eða skaðast fjárhagslega. Fréttagildið ræður því hvort fréttastofan fjallar um mál eða ekki. Fréttamenn RÚV starfa samkvæmt settum starfsreglum og í anda góðra starfshefða sem móttast hafa innan Ríkisútvarpsins. Í handbókinni Fréttamaðurinn, sem hefur að geyma fréttareglur og vinnuleiðbeiningar fyrir starfsfólk fréttastofunnar og birt er á heimasíðu, segir í inngangi:

„Fréttamaðurinn er sagnapur, túlkandi og miðill upplýsinga, vakandi fyrir umhverfinu, þörfum, viðhorfum og velferð almennings. Hann leggur sig fram um að draga upp sanngjarna og trúverðuga mynd af viðfangsefni sínu, leitast við að glæða frásögn sína lífi og litum. Fréttir eru sögur en aldrei skáldskapur. Fréttamennska er skapandi starf af því að fréttin er aðeins valið brot af veruleikanum – fært í búning, túlkað eða endursagt fyrir áhorfandann, hlustandann eða lesandann. Góð og eftirminnileg fréttufrásögn er hnitmiðuð, fágúð og áhugavekjandi. Hún skilur eitthvað eftir og hreyfir við fólk.

Fréttamaðurinn á allt sitt undir því að honum sé treyst, bæði af hálfu heimildamanna og þeirra sem styðjast við verk hans – fréttirnar sem hann skrifar og flytur. Traust öðlast hann með því að sýna í verki heiðarleika, sanngirni og nákvæmni. En jafnvel þessir góðu eiginleikar duga skammt ef ekki er til staðar brennandi áhugi á fólk og samfélagi þess, forvitni, dugnaður og hugrekki. Góðir fréttamenn eru reiðubúnir að leggja á sig mikið erfiði til að klófesta gott söguefni og koma því til skila í áhugaverðum búningi. Þeir styðjast við starfsfélaga og yfirmenn sem liðsinna og gagnrýna á uppbyggilegan hátt, veita leiðsögn og stuðning. Allt okkar starf byggist á heilindum – að samræmi sé milli orða og athafna, að vinnureglum sé fylgt og góðar verkhefðir haldnar í heiðri.“

NÝMIÐLAR RÚV

Hlutverk nýmiðladeildar RÚV er að reka og þróa vef RÚV, www.ruv.is, og tryggja að hann standist kröfur um nútímavefþjónustu. Deildin skal vera leiðandi í innleiðingu og notkun RÚV á nýjum miðlum og samskiptaformum, t.d. á vefnum, í farsímum og öðrum nettengdum tækjum auk samfélagsmiðla.

Stefna nýmiðladeildar RÚV

RÚV nái til sem flestra fjölmiðlanotenda á Íslandi, óháð dreifileið.

Markmið

1. ruv.is sé besti fréttá-, menningar-, og dægurmálavefurinn á Íslandi.
2. Vefþjónustan endurspegli, styðji við og styrki hlutverk RÚV sem fjölmiðils í almannþjónustu.
3. Vefurinn ruv.is verði meðal þriggja mest sóttu vefsvæða á Íslandi.

Leiðir

1. Ritsjórn og efni

- Efnisframboð og fjölbreytni á ruv.is verður aukið.
- Virk ritstjórn fyrir vefinn í heild og smærri einingar hans verður fest í sessi.
- RÚV eykur framleiðslu á efni sem frumbirt er á vefnum.
- Deildir sem framleiða vefefni tryggja að magn og gæði standist kröfur RÚV og notenda.
- Tryggt verður að RÚV sé í farabroddi með framsetningu og gæði efnis á vefnum.

2. Framsetning og hönnun

- Framsetning efnis skal vera skýr og auðskiljanleg.
- Endurhönnun vefsins eða stærri eininga er ætíð notendamiðuð og fylgir áætlun þar um.
- Hönnuðir stærri breytinga á ruv.is skulu vera sérfróðir um vefhönnun.
- Tryggja skal eðlilega þróun og endurnýjun á útliti vefsins og framsetningu efnis.
- Alltaf skal taka tillit til notenda með sérþarfir við hönnun og uppsetningu vefsins.

3. Tæknimál og rekstur

- Fylgt er eðlilegri þróun tækni og staðla á netinu, s.s. tækja, vafra og afspilunar.
- Tryggja skal eins og kostur er uppitíma vefsins, þ.e. allan sólarhringinn alla daga ársins.
- Gerð verður áætlun um viðbrögð við bilunum.
- Vefdeild RÚV sé í stakk búin til að reka og sjá um nauðsynleg kerfi.
- Tryggt verður að útvistuð þjónusta og þjónustuaðilar standist þær kröfur sem gerðar eru til RÚV.

MÁLSTEFNA RÚV

Ríkisútvarpið skal samkvæmt lögum leggja rækt við íslenska tungu og menningu og hefur mikilvægu fræðslu- og uppeldishlutverki að gegna á þessu sviði.

Allt málfar í Ríkisútvarpinu á að vera til fyrirmyndar og allt sem frá því kemur á vandaðri íslensku. Erlend orð sem ekki verður komist hjá að nota ber að laga að íslensku málkerfi eftir því sem fært þykir og góð venja býður.

Starfsmönnum Ríkisútvarpsins ber að kynna sér málstefnuna og haga störfum sínum í samræmi við hana. Málstefnu RÚV má sjá í heild sinni á www.ruv.is

Jafnréttisáætlun RÚV

Á RÚV eru lagðar ríkar skyldur sem lúta að útvarps- og sjónvarpsþjónustu í almannapágu. RÚV telur mjög mikilvægt að reynsla og viðhorf bæði karla og kvenna séu sýnileg í allri dagskrá. Í jafnréttisáætlun RÚV eru sett fram sérstök markmið og aðgerðir sem eiga að jafna hlut kynjanna í dagskrá. Áætlunina í heild sinni má sjá á www.ruv.is

ENDURSKOÐUN STEFNUNNAR

Það er mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því að stefna eins og þessi er „lifandi“ og þarf stöðugt að taka mið af breytingum í starfsumhverfi RÚV. Stefnan verður endurskoðuð á tveggja ára fresti til að tryggja að hún sé uppfærð og taki mið af þeim þáttum sem þegar hafi komið til framkvæmda ásamt því að setja fram ný markmið.





RÍKISÚTVARPIÐ OHF. | EFSTALEITI 1 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 515 3000